



Stefna Landspítala um vinnurými og starfsaðstöðu

Samþykkt í framkvæmdastjórn Landspítala þann 10. des. 2019

Tilgangur: Tilgangur þessarar stefnu er að samræma hönnunarforsendur við endurnýjun og nýbyggingar vinnurýma og starfsaðstöðu, með áherslu á rými eða aðstöðu þar sem unnin er skrifborðs- og/eða tölvuvinna.

Markmið:

- Að tryggja jafnræði starfsfólks, sveigjanleika og hagkvæmni í nýtingu húsnæðis.
- Að gefa sem flestum starfsmönnum sem vinna skrifborðs- eða tölvuvinnu, hluta tímans eða alla daga, kost á aðgangi að aðstöðu sem hentar ólíkum verkefnum.
- Að tryggja gott innra skipulag og skynsamlegar stærðir og samnýtingu rýma.

Stefnan:

- Að nýtt eða endurnýjað húsnæði verði hannað samkvæmt viðmiðum um **verkefnamiðað vinnurými (VMV)**, en í því felst að rýmum er skipt í (a) teymisrými (b) afdrep og (c) næðisrými, auk (d) bókanlegra fundaherbergja og geymsluaðstöðu fyrir starfsfólk, en einkaskrifstofur almennt ekki notaðar. Einnig verða á Landspítala skilgreindar snertivinnustöðvar (færanlegar vinnustöðvar) og sértæk rými eða vinnustöðvar fyrir tilgreind verkefni. Sjá skilgreiningar í Viðauka 1.
- Stefnan á við um rými þar sem starfsfólk vinnur almennt við tölvur og skrifborð meginhluta dagsins, sem og rými þar sem starfsfólk vinnur við tölvur hluta úr degi.
- Stjórnendarymi eru bundin sömu skilgreiningum, þ.e. teymisrými með aðgangi að afdrepum og næðisrýmum.
- Undanþágur frá þessari stefnu eru samþykktar af forstjóra og kynntar í framkvæmdastjórn.

Ábyrgð: Framkvæmd stefnunnar er á ábyrgð forstjóra og framkvæmdastjórnar. Sjá aðgerðir í viðauka 2.



Viðauki 1: Skilgreiningar á tegundum rýma í verkefnamiðuðu vinnurými

(byggt á viðmiðum Framkvæmdasýslu ríkisins)

- **Verkefnamiðað vinnurými (VMV):** VMV felur í sér að starfsaðstaða skiptist í teymisrými, afdrep og næðisrými, auk bókanlegra fundaherbergja, símaklefa og geymsluskápa.
- **Teymisrými** eru sveigjanleg, sameiginleg vinnurými, þar sem er frjálst sætaval og hrein borð í lok dags/vaktar, en þar sem aðgengi er að afdrepum og næðisrýmum í nágrenninu (4m²).
- **Geymsluaðstaða:** Hluti af verkefnamiðuðu vinnurými er starfsmenn hafa aðgang að svk. „munaskápum“ fyrir veski, fartölvur og aðra muni er tengjast starfsmanni beint, auk fataskápa þar sem við á.
- **Afdrep:** Afdrep er lítið, lokað rými fyrir 2-4 einstaklinga sem er ætlað fyrir símtöl, samtöl og stutta vinnufundi (4-6m²). Gera þarf ráð fyrir einu afdrepi pr. 6-8 starfsmenn sem starfa að jafnaði í teymisrýmum, en 10-12 starfsmenn starfandi að jafnaði á svæði (m.v. dagvakt) í klínískri starfsemi. Ekki er hægt að bóka rýmið.
- **Næðisrými:** Næðisrými er aflokað vinnurými, t.d. fyrir 1-6 starfsmenn. Í næðisrými er óheimilt að trufla starfsmenn, tala saman innan þeirra og símnotkun er óheimil. Notkunarreglur í þessum rýmum verða skilgreindar af starfsmönnum og útskýrð utan við rýmin. Næðisrými eru útbúin með borðum, stólum og skjáum, en ýmist eru notaðar fartölvur eða borðtölvur. Miðað er við eitt næðisrými fyrir hverja 6-8 starfsmenn sem starfa að jafnaði í teymisrýmum. (4m²), en fyrir hverja 10-12 starfsmenn sem að jafnaði starfa á klínísku svæði (m.v. dagvakt).
- **Snertistöðvar/færanlegar vinnustöðvar (Computers On Wheels):** Færanlegar vinnustöðvar sem notaðar eru tímabundið af starfsfólki, nemendum, gestum eða öðrum og geta verið minni en getið er að ofan.
- **Sértæk rými/vinnustöðvar:** Sérteki rými eða vinnustöðvar eru t.d. aðstaða fyrir úrlestur, smásjárvinnu, vísindavinnu þar sem unnið er með viðkvæm gögn sem ekki eru á rafrænu formi o.fl. Stærð og þarfir fyrir þessi rými þarf að skilgreina sérstaklega, en umgengnisreglur verða skilgreindar sérstaklega í hverju tilviki.
- **Fundarrými:** Æskilegt er að til staðar séu á vinnustaðnum bókanleg fundaherbergi sem og rými sem rúmar alla starfsmenn einingar í einu. Til að uppfylla það er í viðmiðum framkvæmdasýslu bent á samnýtingu rýma og möguleika á að geta opnað á milli fundarherbergis og kaffi- og/eða matstofu.



Viðauki 2: Aðgerðir á árunum 2020-2021:

Helstu aðgerðir til framkvæmdar ofangreindrar stefnu á árunum 2020 og 2021 verða eftirfarandi:

1. Skrifstofurými nýrra sviðsskrifstofa verði þróuð í átt að hugmyndafræði verkefnaíðaðs vinnurýmis eftir því sem mögulegt er.
2. Vinnurými fyrir skrifborðs- og tölvuvinnu í göngudeildarhúsi á Eiríksgötu 5 verði þróuð í átt að hugmyndafræði verkefnaíðaðs vinnurýmis eftir því sem mögulegt er.
3. Eftir flutninga í Skaftahlíð og Eiríksgötu verði sett upp verkefnaíðuð vinnurými með aðgangi fyrir alla starfsmenn, bæði á Hringbraut og í Fossvogi.
4. Í nýbyggingum Hringbrautarverkefnis (þar á meðal MFK) verði leitast við að fylgja viðmiðum um verkefnaíðuð vinnurými, þar sem því verður við komið. Við endurnýjun eldra húsnæðis á komandi árum verði fylgt viðmiðum um verkefnaíðuð vinnurými, við hönnun aðstöðu til tölvu- og skrifborðsvinnu.
5. Skrifstofuhluti bílastæða-, tækni- og skrifstofuhús (BTS) verði hannað sem verkefnaíðuð vinnurými.
6. Leitast verði við að tryggja jafnræði starfsmanna varðandi aðgang að tölum, þannig að allir geti nýtt sér ofangreind vinnurými, t.d. með láns-fartölvum, föstum borðtölvum í fundaherbergjum eða öðrum leiðum.